Svalbarðsstrandarhreppur
Ráðhúsinu Svalbarðseyri
601 Akureyri
www.svalbardsstrond.is

Akureyrarbær
Ráðhús
Geislagata 9
600 Akureyri
bt. Forseta bæjarstjórnar

Málefni: Samstarf Sveitarfélaga, erindi frá Akureyrarbæ

Á 61. fundi sveitarstjórnar sem haldinn var miðvikudaginn 25. jan. 2017 var eftirfarandi bókun gerð:

6. 1701010 - Samstarf Sveitarfélaga, erindi frá Akureyrarbæ.

„Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps tekur jákvætt í ósk Bæjarstjórnar Akureyrar um gerð fýsileikakönnunar varðandi mögulega sameiningu sveitarfélaga við Eyjafjörð. Sveitarstjórn tekur undir sjónarmið bæjarstjórnar um að mikilvægt sé að taka málefnalega umræðu um þessi mál á grundvelli væntanlegrar könnunar. Jafnframt skal undirstrika að vilji meirihluta íbúa sveitarfélagsins mun ávallt ráða för varðandi hugsanlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaga. Sveitarstjórn er reiðubúin til viðræðna við Bæjarstjórn Akureyrar um mögulega framkvæmd og gerð slíkrar könnunar".

Virðingarfyllst,
Svalbarðseyri, 26.01.2017

F.h. sveitarstjórnar
Svalbarðsstrandarhrepps

Eiríkur H. Hauksson, sveitarstjóri

SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR SVEITARSTJÓRI